



# Upplýsingaöryggisstefna Ríkisútvarpsins ohf.

## Markmið og stefnur unnar af upplýsingaöryggisnefnd Ríkisútvarpsins


Ríkisútvarpið fylgir eftirfarandi upplýsingaöryggisstefnu:

1. Hlutverk upplýsingaöryggisstefnu Ríkisútvarpsins er að tryggja að öryggi upplýsinga fyrirtækisins, starfsfólks og hagsmunaaðila sinna m.t.t. leyndar, réttleika og tiltækileika.
2. Ríkisútvarpið fylgir markmiðum, lögum, reglum og leiðbeiningum við stjórnun upplýsingaöryggis sem er grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana og standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa auk þess að fylgja öllum samningum sem Ríkisútvarpið er aðili að og varða upplýsingaöryggi.
3. Ríkisútvarpið fylgir Persónuverndarstefnu sinni um vinnslu, meðferð og reglum um persónuupplýsingar.
4. Upplýsingaöryggisstefna og verklagsreglur Ríkisútvarpsins í upplýsingaöryggismálum eru bindandi fyrir allt starfsfólk fyrirtækisins og þá aðila sem veita því þjónustu eða fá aðgang að upplýsingum eða upplýsingakerfum Ríkisútvarpsins.
5. Starfsfólk Ríkisútvarpsins, þjónustuaðilar og verktakar eru skuldbundnir til að vernda upplýsingar og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, óheimilli notkun, óheimilum breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi og flutningi.
6. Ríkisútvarpið tryggir að öllum þáttum upplýsingaöryggisstefnunnar sé framfylgt með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi aðila og réttir þjálfun og upplýsingagjöf. Starfssemi og starfshættir starfsfólks fyrirtækisins skulu vera til fyrirmyndar hvað varðar upplýsingaöryggi.
7. Starfsfólk Ríkisútvarpsins, hagsmunaaðilar og þjónustuaðilar skulu tilkynna upplýsingaöryggisatvik og frávik sem upp koma í þeim tilgangi að stuðla að stöðugum umbótum ásamt því að stuðla að virkri öryggisvitund notenda, þjónustuaðila og gesta.
8. Upplýsingaöryggisstjóri gefur út árlega skýrslu varðandi framkvæmd, virkni og stöðu upplýsingaöryggis fyrirtækisins og kynnir fyrir upplýsingaöryggisnefnd og eftir atvikum aðilum hærra í stjórnskipulagi fyrirtækisins sé tilefni til.
9. Starfsfólki, þjónustuaðilum og verktökum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Ríkisútvarpsins, hagsmunaaðila eða starfsfólks Ríkisútvarpsins.
10. Ríkisútvarpið endurskoðar þessa stefnu eins og tilfelli er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.



11. Stefnum og verklagsreglum Ríkisútvarpsins sem tengjast ÍST ISO/IEC 27001:2017 í upplýsingaöryggismálum er nánar lýst í stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

Ríkisútvarpinu, 19. október 2022.



---

Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri